



Almannavarnir Árnassýslu

10. fundur Almannaþingarnefndar Árnassýslu, haldinn miðvikudaginn
6. apríl 2011 Kl: 15.00 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi (III hæð)

Mætt:

Árborg	Ásta Stefánsdóttir
Grímsnes- og Grafningshreppur	Ingibjörg Harðardóttir
Hveragerðisbær	Aldís Hafsteinsdóttir
Hrunamannahreppur	Jón G. Valgeirsson
Skeið- og Gnúpverjahreppur	Gunnar Marteinsson
Bláskógabyggð	Valtýr Valtýsson
Sýslumaðurinn í Árnassýslu	Ólafur Helgi Kjartansson
Lögreglan	Oddur Árnason
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Magnús Skúlason
Rauði krossinn	Eyvindur Bjarnason
Almannavarnir Árnassýslu	Kristján Einarsson, sem ritaði fundargerð

1. **Námskeið vettvangsstjóra 11.-15. apríl n.k.**

Kristján fór yfir vinnu vegna fyrirhugaðs námskeiðs fyrir vettvangsstjóra AÁ sem unnið er í samvinnu með fulltrúum Almannaþingarnefndar ríkislögreglustjóra. Þrjátíu aðilar hafa tilkynnt um þátttöku.

Námskeiðið verður haldið í félagsaðstöðu Kvenfélagasambands Suðurlands í Selinu við Tryggvagötu, Selfossi. Umræður urðu um greiðslur vegna vinnutaps þeirra sem sitja námskeiðið. Mörg sveitarfélög senda starfsmenn sína á námskeiðið en gagnvart þeim sem ekki eru launaðir af vinnuveitanda á námskeiðstímanum, þá mun viðkomandi sveitarfélag skoða einstök mál fulltrúa sinna.

2. **Skrifborðæfing**

Umræður urðu um væntanlega skrifborðæfingu fyrir fulltrúa AÁ. Rætt var um gerð æfingarinnar og viðfangsefni. Rútuslys var helst rætt þar sem mikil umferð stórra farþegabíla fara um Árnassýslu allt árið. Helst var talað um æfingu sem hæfist kl. 9.00 upp úr miðjum maí sem haldin yrði í Hveragerði. Þá var einnig rætt um að nauðsynlegt sé að halda stóra hópslysæfingu næsta haust eða vetur.

Niðurstaða:

Kristjáni og Oddi falið að koma á skrifborðsæfingu sem fyrst í samvinnu með fulltrúum Almannaþingarnefndar ríkislögreglustjóra.

3. **Næsti fundur**

Rætt var um að næsti formlegi fundur AÁ verði haldinn í haust og stefnt skuli að því að dreifa fundarstað nefndarinnar á aðildarsveitarfélögin.

4. **Skoðunarferð að Árvegi 1, aðstöðu slökkviliðs og sjúkraflutninga**

Kristján fór fyrir nefndarmönnum of sýndi þeim væntanlega slökkvistöð og aðstöðu sem e.t.v. má nýta fyrir almannavarnir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.00